

Fjórði fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 9. apríl 2026, klukkan 20:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbarnarson, Veronika G. Sigurvinsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Viðauki I

Viðauki I við fjárhagsáætlun 2026 lagður fram.

Með viðaukanum er samþykkt 5.0 m.kr. hækkun í sameiginlegum kostnaði. Viðaukanum verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Viðauki I er samþykktur samhljóða.

2. Styrkbeiðni frá Sónarnefnd Fáskrúðarbakkasóknar

Veronika og Guðbjörg víkja af fundi.

Styrkbeiðni frá Sónarnefnd Fáskrúðarbakkasóknar tekin fyrir. Sónarnefnd Fáskrúðarbakkasóknar óskar eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna viðhalds, gluggaskipta, í Fáskrúðarbakkakirkju, að upphæð 5.0 m.kr.

Styrkbeiðnin samþykkt samhljóða.

3. Sveitarstjórnarkosningar 2026

Oddviti leggur til að kjörstaður við sveitarstjórnarkosningar 2026 verði í íþróttahúsinu í Laugargerði.

Samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf.

Fundargerð lögð fram.

5. Fundargerð 201. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fundargerð lögð fram.

6. Fundargerð 995. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

7. Fundargerð 996. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl. 21:00.

Undirritunarsíða

Herdís Þórðardóttir

Veronika G Sigurvinsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Þróstur Aðalbjarnarson

Sigurbjörg Ellen Ottesen